



Ársskýrsla og reikningar

Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga
fyrir aðalfund haldinn í Hlíðarbæ 16. mars 2011



Í stjórn samtakanna sitja eftirtaldir Ríkarður G. Hafdal formaður, Vignir Sigurólason varaformaður, Zophonías Jónmundsson gjaldkeri, Bjarni Páll Vilhjálmsson ritari og Höskuldur Jónsson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru þeir Þorvar Þorsteinsson og Auðbjörn Kristinsson

Haldnir voru 4 stjórnarfundir á milli aðalfunda en auk þess hafa verið haldnir nokkrir óformlegir fundir. Haldinn var fundur með stjórn hrossaæktarfélagsins Náttfara 18. mars 2010 og fundur með fulltrúum aðildarfélaganna 11. feb sl. Umræðuefni þessara funda var að ræða staðsetningar kynbótasýninga. Stjórn flytur hér á eftir tillögu um staðsetningu kynbótasýninga til næstu þriggja ára með von um að það megi verða til þess að setta ólík sjónarmið.

Formaður sóttir formannafund í aprílmánuði og kjörnir fulltrúar fóru á aðalfund Félags hrossabænda í nóvember. Líkt og undanfarin ár eru verkefni samtakanna unnin í nánú samstarfi við Búgarð þar sem HEÐ hefur jafnframt aðstöðu fyrir fundi.

HEÐ á hlut í tveimur stóðhestum. Gusti frá Hóli 1/3, og Gígjari frá Auðsholtshjáleigu, nánar tiltekið þriðjungshlut í einkahlutafélagi um þann hest.

Gustur frá Hóli hefur verið á Dýrfinnustöðum í vetur og er ekki talið líklegt að hann eigi eftir að fylja hryssur hér eftir. Brösuglega hefur gengið að ná lendingu um ráðstöfun klársins, hans síðustu æviár. En í stuttu máli má segja að Hrossaræktarsamtök Austurlands hafi gefið ungunum börnum á Dýrfinnustöðum í Skagafirði sinn eignarhlut og að HEÐ hafi ekki hug á að amast við því. Stjórn HEÐ sendi frá sér yfirlýsingu 15. desember sl. og fylgir hún með aftast í þessari skýrslu.

Gígjar frá Auðsholtshjáleigu var í húsnokkun á Ytri-Bægisá og fyrra gangmál á Bergsstöðum. Hann fór svo í Grænhól seint í júlí. Hér fyrir norðan fóru undir hann 49 hryssur og reyndust 38 fengnar skv. sónarskoðun. Fyrir sunnan fóru undir hann 15 hryssur og voru 13 fengnar. Alls var notkunin því 64 hryssur og var fyljunarhlutfall 80%.

Stefnt er að því að afkvæmasýna Gígjar til fyrstu verðlauna á komandi Landsmóti í Skagafirði í sumar. Hann er nú með 120 stig í kynbótamati og 23 dæmd afkvæmi og hefur því þegar náð þeim lágmarkum sem þarf til að hljóta fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

Skv. rekstrarreikningi ársins 2009 fyrir Gígjar ehf. voru rekstrartekjur 1.118.934.- og rekstrargjöld 514.328.- krónur. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 141.557.- og tekjuskattur var 117.203. Hagnaður eftir skatta var því kr. 628.960.-
Notkunin jókst mikið 2010 og því má ætla að hagnaður verði meiri á því ári.

Búið er að ráðstafa Gígjari í sumar. Hann verður í húsnokkun á vegum Gunnars og fjölskyldu á Grænhóli, fyrra tímabil hjá Hross. Vest. og seinna tímabil á vegum HEÐ á Bergsstöðum.

Búgarður í samstarfi við Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga stóðu fyrir þremur kynbótasýningum á árinu. Fyrsta sýningin (vorsýning) var haldin á Melgerðismelum 12.- 13. maí. 37 hross mættu til dóms en af þeim voru 3 einungis byggingardæmd. Af 34 fulldæmdum hlutu 6 hross 8,0 eða herra í aðaleinkunn eða 18% fulldæmdra hrossa. Héraðssýning var auglýst dagana 7.-11. júní á Akureyri. Sökum smitandi hósta var skráning nánast engin og var ákveðið að fresta sýningunni fram í miðjan júlí. Sýningin var svo haldin dagana 15. og 16. júlí og mættu 15 hross til dóms. Þar af voru 13 fulldæmd, 6 hross hlutu 8,0 eða herra í aðaleinkunn eða 46% dæmdra hrossa. Síðsumarsýning var haldin á Melgerðismelum 18.-20. ágúst í tengslum við Stórmót hestamanna á Melgerðismelum. 53 hross mættu til dóms og þar

af voru 45 hross fulldæmd. 8 hross hlutu 8,0 eða hærra í aðaleinkunn eða 18% dæmdra hrossa. Samtals á þessu þremur sýningum voru því fulldæmd 92 hross en til samanburðar voru þau 183 á árinu 2009.

Hinn árlegi Haustundur HEÐ var haldinn í Hlíðarbæ Hörgársveit 25. nóvember s.l. Guðlaugur Antonsson, hrossaræktarráðunautur BÍ, fór yfir sviðið í hrossaræktinni og Brynjar Skúlason og Sigríður Bjarnadóttir í Hólsgerði kynntu verkefni sem þau unnu sem BS-verkefni við Hólaskóla og var lokaáfangi BS-náms þeirra í hestafræðum þar sl.vor. Brynjar fjallaði um vöxt og stærð íslenska hestsins og Sigríður fjallaði um álag á keppnishesta í fimm keppnisgreinum Meistaradeildar KS, sem fór fram á s.l. ári. Mjög áhugaverð og fræðandi erindi. Á fundinum var valið ræktunarbú ársins á félagssvæðinu, auk þess sem ræktendur efstu hrossa í kynbótadómi hlutu viðurkenningar.

Í marsmánuði komu þeir sína árlegu yfirreið þeir Guðlaugur Antonsson og Kristinn Guðnason formaður Félags hrossabænda. Að þessu sinni var með þeim Haraldur Þórarinsson formaður Landssambands hestamannafélaga og var sá fundur haldinn í Hlíðarbæ undir titlinum Hrossarækt og hestamennska.

Ræktunarbú HEÐ árið 2010 var Efri-Rauðalækur. Á Efri-Rauðalæk stunda hrossarækt þau Guðlaugur Arason, Snjólaug Baldvinsdóttir, Baldvin Ari Guðlaugsson og Ingveldur Guðmundsdóttir. Á sl. ári voru sýnd 7 hross frá búinu í kynbótadómi. Meðaleinkunn sýndra hross var 8,14 og var meðalaldur þeirra 5,6 ár. 3 af þeim hlutu 8,0 eða hærra í aðaleinkunn. Langefstur í þeim hópi er stóðhesturinn Hraunar frá Efri-Rauðalæk sem hlaut hvorki meira né minna en 8,72 í aðaleinkunn og er það hæsta einkunn á heimsvísu sem gefin var stóðhesti það árið. Ræktendur á Efri-Rauðalæk hafa í allmörg ár stunda farsæla hrossarækt og hafa hross frá þeim oft á tíðum staðið í fremstu röð í kynbótasýningum og keppnum Þetta var í þriðja sinn sem Efri-Rauðalækur hlaut titilinn ræktunarbú HEÐ en farið var að veita þessa viðurkenningu árið 2001.

Alls voru tilnefnd 4 bú en auk Efri-Rauðalækjar voru það Árgerði, Sámsstaðir og Ytra-Dalsgerði. Gaman er að geta þess að Árgerði, Efri-Rauðalækur og Ytra-Dalsgerði voru einnig tilnefnd til ræktunarverðlauna á landsvísu.

Síðastliðin vetur kom upp smitandi hósti í hrossum sem lagði allt hestahald af meira og minna í vor og sumar. Útflutningur lá niðri í marga mánuði og tekin var sú erfiða ákvörðun að fresta Landsmótinu. Þá hafði þetta ástand lamandi áhrif á allt sem við kom mótahaldi og sýningum. Þetta tímabil hefur reynst mörgum hrossaræntendum og hestamönnum mjög erfitt fjárhagslega. En nú er nýtt ár og nýjir tímar og er sama hvar eða hvern maður hittir allt er á fullu við tamningar og þjálfun fyrir kynbótasýningar og Landsmót sem haldið verður í Skagafirði sumar. Það er því full ástæða til að óska hestamönnum til hamingju með að þessir erfileikar séu nú að baki

Að lokum þakkar stjórnin félagsmönnum gott samstarf á árinu með ósk um farsælt hrossaræktarár.

Efstu hross í hverjum flokki ræktuð af félagsmönnum í HEP.

Flokkur	Hestur	Ræktandi	Sköpulag	Hæfileikar	Aðaleink.
Stóðhestar 4 vetra*	Krókur frá Ytra-Dalsgerði	Kristinn Hugason og Hugi Kristinsson	8,51	7,88	8,13
Stóðhestar 5 vetra	Hrímnir frá Ósi	Sindri Þór Sverrisson	8,08	8,49	8,32
Stóðhestar 6 vetra	Kappi frá Kommu	Vilberg Jónsson	8,51	8,51	8,51
Stóðhestar 7 vetra o.e.	Hraunar frá Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason	8,49	8,88	8,72
Hryssur 4 vetra	Elding frá Barká	Ólafur Tryggvi Hermannsson	8,2	7,89	8,02
Hryssur 5 vetra	Rauðhetta frá Kommu	Vilberg Jónsson	8,18	8,25	8,22
Hryssur 6 vetra	Krækja frá Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason	8,31	8,35	8,34
Hryssur 7 vetra o.e.	Týja frá Árgerði	Magni Kjartansson	8,09	8,55	8,37

*Símon frá Efri-Rauðalæk hlaut einnig 8,13 í aðaleinkun. En Krókur raðast ofar þegar notaðir eru fleiri aukastafir

Gustur frá Hóli. Bókun stjórnar HEP sem fór á vefmiðla 15. desember 2010.

Samkvæmt því sem komið hefur fram í fjölmiðlum hafa Hrossaræktarsamtök Austurlands nú gefið hlut sinn í stóðhestinum Gusti frá Hóli. Stjórn Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga er hugsi og undrandi yfir þeim vinnubrögðum sem meðeigendur okkar að hestinum hafa sýnt okkur eftir að sú stefna var tekin af stjórn HEP að koma hestinum heim í Hól til ræktenda sinna síðustu æviárin. Haustið 2009 barst stjórn HEP bréf frá formanni Hrossaræktarsamtaka Austurlands þar sem HEP var boðið að ganga inn í kauptilboð sem borist hafði í hlut Austfirðinga í Gusti og nýta sér þar með forkaupsrétt sem tilgreindur er í eigendasamningi um hestinn. Skv. bréfinu hljóðaði tilboðið upp á 400-500.000 kr. fyrir hlutinn. Eftir að stjórn HEP hafði nýtt sér umsaminn umhugsunarfrest var ákveðið að taka tilboðinu eins og það lá fyrir svo ljúka mætti þessu erfiða máli í samskiptum hrossaræktarsamtakanna í eitt skipti fyrir öll og í framhaldi afhenda hestinn að gjöf ræktendum og fyrri eigendum að Hóli þar sem Gustur gæti átt sér öruggt skjól í heimahögum síðustu árin. Þegar til átti að taka ákvað Hr. Aust. hinsvegar að hætta við fyrirhugaða sölu og eiga áfram sinn hlut í hestinum. Ekkert samband var haft við HEP varðandi gjafagerning þann sem nú er orðinn opinber og því augljóst að um samningsbrot er að ræða í tilraun til að komast fram hjá forkaupsréttar ákvæðinu sem kveðið er á um í eigendasamningnum. Skv. eigendasamningi um hestinn þar sem skirt er kveðið á um hvers kyns meðhöndlun á eignarhlutum aðila ásamt almennu siðferði í viðskiptum með sameignir manna í milli átelur stjórn HEP þessi vinnubrögð hardlega og harmar jafnframt það fálæti sem þeirri hugsjón að færa hestinn heim í Hól til fyrri eigenda sinna hefur verið sýnd af hálfu Hrossaræktarsamtaka Austurlands.

Gustur hefur dvalið á Dýrfinnstöðum í Skagafirði síðustu misserin við afbragðs atlæti og umhyggju heimafólks á bænum. Þrátt fyrir augljósan rétt HEP til athugasemda við þessi nýjustu eigendaskipti á hestinum er fyrir mestu að ljúka þessu máli með það að leiðarljósi að tryggja höfðingjanum Gusti frá Hóli sómasamlegt atlæti næstu árin í samstarfi við nýja meðeigendur.

Stjórn HEP

Tillögur stjórnar fyrir aðalfund HEP 16. mars 2011.

Tillaga fyrir aðalfund HEP um skipulag kynbótasýninga á félagssvæði HEP.

Aðalfundur HEP haldinn í Hlíðarbæ 16. mars 2011 leggur til að komið verði á föstu skipulagi kynbótasýninga til næstu þriggja ára.

Með þeim fyrirvörum að viðkomandi aðilar séu tilbúnir að taka að sér þessar sýningar og að svæðin uppfylli kröfur Bændasamtaka Íslands um sýningaraðstöðu eins og þær eru á hverjum tíma.

Skipulagið verði eftirfarandi

2011

Vorsýning maí – Hringsholt

Héraðssýning júní – Akureyri

Síðsumarsýning ágúst – Melgerðismelar

2012

Vorsýning maí – Melgerðismelar

Héraðssýning júní – Hringsholt

Síðsumarsýning ágúst – Akureyri

2013

Vorsýning maí – Akureyri

Héraðssýning júní – Melgerðismelar

Síðsumarsýning ágúst – Hringsholt

Tillaga stjórnar HEP um árgjald

Tillaga um óbreytt árgjald milli ára kr. 1.000.- og 500 á maka.

70 ára og eldri frítt til HEP

Þá bætist við árgjald til FHB sem er kr. 4.000.-